

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 4. september 2018.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.00 og lauk kl. 18.15.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Þórunn Ansnes, Viðar Halldórsson, Magnús Gunnarsson, Ragnar Hilmarsson og Jóhann Óskar Borgþórsson. Forföll: Sveinn Sigurbergsson, Hörður Þorsteinsson og Ingvar Kristinsson.

Dagskrá:

1. Fundir ÍBH september 2018 – maí 2019

Fundaráætlun stjórnar ÍBH lögð fram til kynningar og hún samþykkt. Fundað verður fyrsta þriðjudag í mánuði alla mánuði nema í desember og í janúar. Í desember verður fundað föstudaginn 7. desember og í janúar verður fundað þriðjudaginn 8. janúar. Fulltrúaráðsfundur ÍBH verður laugardaginn 24. nóvember 2018 fyrir hádegi og þing ÍBH verður haldið laugardaginn 4. maí 2019.

2. Persónuverndarlöggjöf (GDPR)

ÍSÍ hélt kynningarfund um málefnið fimmtudaginn 23. ágúst sl. fyrir íþróttahéruð og aðildarfélög ÍBH, ÍRB og ÍS í Álfafelli Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði. Svavar H. Viðarsson ráðgjafi frá Advania Advice var með kynninguna og honum til aðstoðar var Elías Atlason verkefnastjóri hjá ÍSÍ. Öll íþróttasamtök og aðildarfélög eru skyldug til að gera persónuverndarstefnu, taka saman vinnsluskrá og að gera vinnslusamninga við fyrirtæki sem þau eiga viðskipti við. Ef þau gera þetta ekki er sektarheimild til staðar. Eftirlitsaðili er persónuvernd.

3. Óháð fagráð

Hafnarfjarðarbær er búinn að skipa óháð fagráð fyrir íþrótt- og tólmstundafélög í Hafnarfirði. Kemur það til með að veita ráðgjöf við lausn erfiðra og viðkvæmra mála sem upp kunna að kom innan félaganna. Óháða fagráðið og verkferlar verða kynnt aðildarfélögum ÍBH á næstu dögum.

4. Samstarfssamningur ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar

ÍBH hefur óskað eftir nýjum drögum að samningnum til umræðu fyrir íþróttahreyfinguna. Mikilvægt er fyrir báða aðila að klára samninginn. Ennþá á eftir að ganga frá þeim hluta sem snýr að uppbyggingu nýrra íþróttamannvirkja.

5. Íþróttavika Evrópu 23. – 30. september 2018

Upplýsingar hafa verið sendar á öll aðildarfélög ÍBH og þau hvött til að kynna sér verkefnið og taka þátt í því. Vakin er athygli á heimasíðu verkefnisins www.beactive.is og facebook.com/beactiveiceland. Þetta er kjörið tækifæri fyrir íþróttafélög til að auglýsa starfsemi sína með viðburðum sem fallið geta að markmiðum og tímasetningu vikunnar.

6. Nýjar iðkendatölur til útreikninga á skiptingu tekna frá Íslenskri Getspá

Lagðar fram til kynningar. Tölurnar eru frá árinu 2017, starfsskýrsla ÍSÍ 2018. Framkvæmdastjóri ÍBH sendir tölurnar á aðildarfélögin til athugasemda og

samþykktar. Þegar afgreiðslu athugasemda er lokið, verður skipt um tölur í greiðsluskjalinu.

- 7. Úthlutun á tímum í Andrasal ósk um breytingu frá Fimleikafélaginu Björk**
Bréf frá Fimleikafélaginu Björk dagsett 30. ágúst 2018 tekið til umfjöllunar. Samþykkt að vísa erindinu til tímaúthlutunarnefndar ÍBH til úrlausnar.
- 8. Aðildarumsókn að ÍBH – Bogfímifélagið Hrói Höttur**
Stjórn ÍBH samþykkir aðildarumsóknina og að inntökugjald skuli vera kr. 50.000.
- 9. Önnur mál**
Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.